
Fastanefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga um samgöngu- og fjarskiptamál



Skýrsla til 5. Haustþings fjórðungssambands Vestfirðinga

Haldið 9. og 10. október 2020 – í fjarfundi

Hlutverk samgöngu- og fjarskiptanefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga

Hlutverk nefndarinnar er að vera ráðgefandi aðili fyrir stjórn og þing Fjórðungssambands Vestfirðinga varðandi stefnumörkun í samgöngu- og fjarskiptamálum og eftirfylgni þeirrar stefnu og einstaka verkefna. Nefndin fjallar um mál sem stjórn Fjórðungssambandsins vísar til hennar og aflar upplýsinga um stöðu og framkvæmd samgöngu- og fjarskiptaverkefna. Nefndin getur einnig haft frumkvæði að málum en endanleg afgreiðsla slíkra mála er hjá stjórn Fjórðungssambandsins. Nefndin gefur árlega út starfsskýrslu og er þetta því fyrsta starfsskýrsla núverandi nefndar, ritari nefndarinnar er sviðsstjóri byggðaþróunarsviðs Vestfjarðastofu.

Verkefni nefndarinnar

Meðal verkefna nefndarinnar eru ýmsar umfjallanir um mál frá Alþingi, ráðuneytum og stofnunum. Í umsjón nefndarinnar er skipulag almenningssamgangna og reglulegir fundir með stofnunum samgöngu- og fjarskiptamála. Stjórn Fjórðungssambandsins vísaði árið 2017 umfjöllun um flutningsmál raforku á Vestfjörðum, mörkun stefnu og eftirfylgni í tengslum við virkjanaáform á Vestfjörðum til nefndarinnar. Hér var um tímabundna ráðstöfun að ræða og því jafnvel orðið tímabært að endurskoða og taka upp framtíðarfyrirkomulag, hvort sem það verður óbreytt eða ekki.

Fulltrúar og fundir

Niðurstaða kosningar samgöngunefndar á 3. Haustþingi Fjórðungssambands Vestfirðinga var eftirfarandi:

Aðalfulltrúar í fastanefnd um samgöngu- og fjarskiptamál eru eftirfarandi:

- Bjarnveig Guðbrandsdóttir, Tálknafjörður
- Iðá Marsibil Jónsdóttir, Vesturbyggð
- Jón Gísli Jónsson, Strandabyggð
- Sigurður J. Hreinsson, Ísafjarðarbær
- Steinn Ingi Kjartansson, Súðavíkurbær

Til vara

- Karl Kristjánsson, Reykhólahreppur
- Aðalbjörg Sigurvaldadóttir, Strandabyggð
- Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir, Bolungarvík
- Sif Huld Albertsdóttir, Ísafjarðarbær
- Marzelíus Sveinbjörnsson, Ísafjarðarbær

Steinn Ingi fór í ótímabundið leyfi á tímabilinu og í hans stað kom inn varamaður, Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir úr Bolungarvík.

Formaður nefndarinnar er valinn úr stjórn Fjórðungssambandsins og er Iðá Marsibil Jónsdóttir.

Fundir nefndarinnar á starfsárinu hafa verið fjórir talsins, ásamt þeim hafa fulltrúar sótt fund með stækkaðri samgöngunefnd Fjórðungssambandsins á Hólmavík í lok árs 2019.

Fyrsti fundur var haldinn í fjarfundi þann 15. nóvember 2019, þar var **fjallað um ályktanir 4. Haustþings um samgöngumál**, undirbúningur **umsagnar um samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034**, Vestfjarðastofa kom með fulltrúa á fundinn sem kynnti verkefnið **Hringvegur 2**.

Kynnt var áhugaverð skýrsla um ásand slitlags vega á Vestfjörðum; **Úttektir á klæðningum á Vestfjörðum 11. – 13. Júní 2019.** Rædd var hugmyndin um samgönguáætlun fyrir Vestfirði og síðast en ekki síst fór fram umræða um almenningssamgöngur.

Samgöngu- og fjarskiptanefnd beindi þar til stjórnar Fjórðungssambands að stofnaður verði starfshópur um gerð samgönguáætlunar fyrir Vestfirði. Starfshópurinn yrði skipaður fulltrúum frá öllum sveitarfélögum á Vestfjörðum að grunni til þeirra fulltrúa sem sitja í samgöngunefnd og stjórn FV og fulltrúum frá Árneshreppi og Kaldrananeshreppi. Umsögn um samgönguáætlun byggði að mestu á ályktunum 4. Haustþings FV um samgöngumál.

Skýrslan Úttektir á klæðningum á Vestfjörðum 11. – 13. Júní 2019 renndi stoðum undir þær umræður sem hafa verið áberandi um hrörlega vegi og fram kemur í henni að viðgerðir og minniháttar endurbætur á stórum köflum séu í raun gagnslausar þar sem ástand vega er víða slæmt. Samgöngunefnd lagði til að efni skýrslunnar yrði hagnýtt við mörkun samgöngustefnu á Vestfjörðum og sem lið í forgangsröðun verkefna.

Samgönguáætlun fyrir Vestfirði; ræddar voru áherslur sem ættu að vera í forgrunni við gerðu Samgönguáætlunar Vestfjarða. Vinna þarf út frá Samgönguáætlun 2020 – 2034, samþætta markmið og verkefni á Vestfjörðum, sem dæmi má nefna öryggismál.

Almenningssamgöngur, samgöngunend lagði til að akstri á leiðum milli Ísafjarðar og Hólmavíkur (sumarakstur), Ísafjarðar og Patreksfjarðar (sumarakstur) ásamt akstri milli Ísafjarðar og Súðavíkur yrði fram haldið. Lagt var einnig til að sumarakstri verði breytt í heilsársakstur sem mun veitast auðveldara eftir opnun Dýrafjarðaganga, haustið 2020.

Annar fundur samgöngunefndar var haldinn í fjarfundi, miðvikudaginn 6. Maí 2020 klukkan 13:30.

Til fundarins voru boðaðir, ásamt nefndarfulltrúum, fulltrúar Vegagerðarinnar, þeir Pálmi Þór Sævarsson, svæðisstjóri í Borgarnesi og Kristinn G. Kristjánsson Lyngmó, deildarstjóri á Ísafirði. Voru þeir boðaðir til að ræða stöðu verkefna og hvernig boðaðar aðgerðir á þessu ári og því næsta samkvæmt fjárfestingarátaki stjórnvalda hafa áhrif á verkefni á Vestfjörðum. **Gufudalssveit,** farið var yfir stöðu og upplýst um að tvær kærur hið minnsta hefðu borist Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála gagnvart veitingu Reykholahrepps um framkvæmdaleyfi Þ-H leiðar til Vegagerðarinnar. Ekki var á þessum tímapunkti hægt að segja til hversu tímaflek vinna nefndarinnar yrði, en óskað var eftir undanþágu nefndarinnar til að hefja framkvæmdir við hluta leiðarinnar. **Dynjandisheiði,** Tillaga að umhverfismati var enn til umfjöllunar hjá Skipulagsstofnun en væntingar um að álit yrði skilað mjög fljótlega. Hönnun var lokið og stefnt var að útboði í hluta leiðarinnar vorið 2020. **Dýrafjarðargöng,** Verkefni á áætlun og formleg opnun væntanleg um miðjan september 2020. **Veiðileysuháls,** Tillaga að tillögu að umhverfismati var til umfjöllunar og samhliða unnið að hönnun vegarins, ætti verkið að vera orðið útboðshæft í lok árs 2021, gangi allt að óskum, fjármagni var veitt í verkefnið 2022 og næstu ár skv gildandi samgönguáætlun þess tíma. **Hestfjörður / Seyðisfjörður / Álftafjörður,** Hestfjörður og Seyðisfjörður voru á áætlun miðað við lok framkvæmda um itt sumar en framkvæmdir í Álftafirði væru að hefjast og nýr vegur átti að komast í notkun í byrjun vetrar en án bundins slitlags í fyrstu. **Önnur verkefni,** Tímabundin fjárfestingaráætlun sem samþykkt var sem þingsályktun auk fjárukalaga veitti auknu fjármagni til samgönguverkefna. Umræða var á fundinum um önnur verkefni, svo sem tengivegi, viðhaldsframkvæmdir, brúargerð og ofanflóðavarnir að ógleymdum hafnarmálum. **Þriðji fundur** nefndarinnar var haldinn 25. September í fjarfundi, á dagskrá fundarins voru umræður um og undirbúningur skýrslu samgöngunefndar fyrir 65. Fjórðungsþing að hausti, drög að **jarðgangaáætlun Vestfjarða, öryggisúttekt á Vestfirskum vegum** og önnur mál. Umræður fundarnir snéru meðal annars að því að **vetrarþjónusta og jarðgangaáætlun** yrðu megin efni ályktunar um samgöngumál á Fjórðungsþingi. **Jarðgangaáætlun,** eftir fund nefndarinnar þann 6. Maí síðastliðinn hóf Hreinn Haraldsson, fyrrverandi Vegamálastjóri að

beiðni nefndarinnar, vinnu að jarðgagnaáætlun fyrir Vestfirði. Hann skilaði drögum í júlí s.l. **Öryggisúttekt á vestfirskum vegum**, slík úttekt fór fram yfir sumarið 2020 og verktaki mun skila skýrslu í byrjun október, haldinn verður kynningarfundur í kjölfarið. Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri Vestfjarðastofu, kynnti að að ágúst s.l. var sótt um framlög úr verkefni Byggðaáætlunar A10 - Almenningsamgöngur um allt land. Alls voru sendar fimm umsóknir um verkefni, fjögur verkefni voru samþykkt eða sem hér segir í tilkynningu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis þann 18. september s.l.. Önnur mál voru umræður um almenningssamgöngur:

- **Efling þjónustu og atvinnusóknar á norðanverðum Vestfjörðum.** Vestfjarðastofa ses. hlýtur styrk til að efla almenningssamgöngur til og frá Flateyri með það að markmiði að bæta þjónustu við íbúa á Flateyri, en horfa jafnframt til samlegðaráhrifa fyrir nágrennabyggðarlögin Suðureyri, Flateyri og Þingeyri. Verkefnið er styrkt um kr. 1.000.000 árið 2020 og kr. 3.200.000 á ári 2021-2023. Samtals kr. 10.600.000.
- **Sambíllinn.** Vestfjarðastofa ses. hlýtur styrk til að greina möguleika þess að efla almenningssamgangnaakstur með því að nýta þjónustu sem þegar er í boði, s.s. skólaakstur og þjónustuakstur. Verkefnið er styrkt um kr. 3.000.000.
- **Pöntunarakstur.** Vestfjarðastofa ses. hlýtur styrk til að koma upp akstri til og frá Reykhólahreppi og Drangnesi og tengja samgönguneti almenningssamgangna. Verkefnið er styrkt um kr. 1.000.000 árið 2020 og kr. 2.700.000 á ári 2021-2023. Samtals kr. 9.100.000.
- **Pöntunarakstur.** Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur hafa í samstarfi við fyrirtæki í sveitarfélögunum byggt upp almenningssamgöngur á milli byggðarlaga og vilja auka sveigjanleika kerfisins. Vestfjarðastofa ses. hlýtur styrk til að koma á pöntunarþjónustu með aðilum sem hafa til þess bær leyfi. Verkefnið er styrkt um kr. 200.000 árið 2020 og kr. 1.500.000 á ári, árin 2021-2023. Samtals kr. 4.700.000.

Nefndin þakkar starfsmönnum fyrir þennan árangur.

Rætt um stöðu sérleyfa Vegagerðarinnar á Vestfjörðum, en fram hefur komið áhugi hjá Vegagerðinni um samstarf við sveitarfélög á Vestfjörðum um samþættingu áætlaða.

Rætt um efni máls og vill samgöngunefnd hvetja sveitarfélögin að nýta þetta tækifæri. Eins telur samgöngunefnd að nýta eigi þessar viðræður til að setja fram kröfu um að efla almenningssamgöngur á milli atvinnusvæða á Vestfjörðum m.a. heilsársakstur á milli Patreksfjarðar og Ísafjarðar með opnun Dýrafjarðargangna og Hólmavíkur og Ísafjarðar.

Fjórði fundur nefndarinnar fór fram í fjarfundi þann 30. September 2020, farið var yfir drög að jarðgangaáætlun og næstu skref ákveðin. Ákveðið var að kynna skýrsluna stuttlega í skýrslu nefndarinnar á komandi Fjórðungspingi og að skýrslan sendist svo á bæjar- og sveitarstjórnir til umsagnar áður en lengra verður haldið með verkefnið.

Fundur stækkaðrar samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga var haldinn þann 16. Desember 2019 á Café Riis á Hólmavík og komust fundargestir, sumir hverjir þangað við illan leik vegna vindasamrar Reykhólasveitar. Til fundarins voru mættir Iða Marisbil Vesturbyggð, Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Reykhólahreppi, Jón Gísli Jónsson, Strandabyggð, Finnur Ólafsson, Kaldrananeshreppi, Sigurður Hreinsson, Ísafjarðarbæ, Kristján Jón Guðmundsson, Bolungarvíkurkaupstað, Bragi Þór Thoroddssen, Súðavíkurhreppi mætti í

stað Steins Inga Kjartanssonar, Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri Vestfjarðastofu, í fjarfundi voru Hafdís Gunnarsdóttir, Ísafjarðarbæ, Bjarnveig Guðbrandsdóttir, Tálknafjarðarhreppi og Eva Sigurbjörnsdóttir, Árneshreppi. Farið var yfir áhersluatriði hvers sveitarfélags fyrir sig og voru helstu þessi:

Vesturbyggð og Tálknafjörður voru samróma á fundinum um eftirfarandi; hröð uppbygging fiskeldis hefur stóraukið álag á vegi og hafnir. Vegakerfið stenst ekki lengur þetta álag og þá sérstaklega fjallvegir. Framkvæmdir við Bíldudalsveg munu létta á stórum hluta þungaflutninga auk styttingu á vega. Samfélag og atvinnulíf gera eindregna kröfu um að þessari framkvæmd verði flýtt því ella geti komið bakslag í þróun svæðisins. Nú þegar skilar svæðið miklum tekjum og þær fara vaxandi og flýting framkvæmda mun einungis auka hagræði og skila tekjuauka fyrir en ella.

Hafnarframkvæmdir eru komnar á áætlun en æskilegt væri að auka við fjármagn til verkefna til að flýta þeim.

Til lengri tíma litið þarf að bæta samgöngur á milli byggðakjarna á sunnanverðum Vestfjörðum. Horfa verður til jarðgangaframkvæmda í þeim efnum í stað þess að endurbyggja fjallvegi og svara þannig kröfum nútímasamfélaga.

Lýst er áhyggjum af tímasetningu framkvæmda í Gufudalssveit, þar sem sporin hræða og þolinmæðin gagnvart frekari seinkunum er á þrotum.

Lýst er stuðningi við flýtingu framkvæmda á Veiðileysuhálsi.

Bolungarvík; taka undir sjónarmið Vesturbyggðar um flýtingu framkvæmda sem munu auka tekjur ríkissjóðs og auka hagræði atvinnulífs og samfélaga. Nægir fjármunir ættu því að vera til að fara í framkvæmdir. Lýst er einnig stuðningi við flýtingu framkvæmds á vegi um Veiðileysuháls

Mótmælt er hugmyndum um gjaldtöku í jarðgöngum á Vestfjörðum. Gjaldtaka er ekki réttlætanleg nema til sé valkostur á fleiri leiðum til sama áfangastaðar.

Strandabyggð; uppbygging Innstrandavegar er megináherslan. Þar þarf að setja strax í framkvæmd, að setja bundið slitlag á þann stutta vegkafla milli Heydals og Þorpa í Steingrímsfirði og efla þannig vinnusóknarsvæði og auka öryggi. Taka verði fjármagn til þessa verkefnis af öðrum verkefnum ef ekki tekst að auka við fjárveitingar. Sett verði síðan á langtímaáætlun endurbætur vegköflum með óbundnu slitlagi á Innstrandavegi.

Kaldrananeshreppur; endurbyggja þarf veg um Nesströnd þ.e. frá Drangsnesi og inn í Bjarnafjörð og skapa þar áhugaverðan hring fyrir ferðamenn. Afnema þarf G reglu varðandi snjómokstur um Bjarnafjarðarháls en endurbætur á þeim vegi nýtast ekki vegna þjónustuleysis en þess í stað er mokstur um Nesströnd og sveitarfélagið er kafið um helmingamokstur ef moka eigi um Bjarnafjarðarháls. Hér spilar einnig inn í rekstarhalli á vetrarþjónstu Vegagerðarinnar sem stjórnvöld vilja ekki bæta og því þarf að grípa til niðurskurðar og þetta er ein birtingarmynd þess. Styður aðrar hugmyndir sem hafa komið fram í umræðunni.

Reykhólahreppur; stærsta verkefnið er endurbætur á Vestfjarðavegi 60 um Gufudalssveit. Næstu daga er von á umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi í framhaldi af aðalskipulagsbreytingu. Sveitarstjórn mun síðan fjalla um umsóknina m.a. um tímasetningu verkáfangna og þar er vilji til að setja skilyrði að framkvæmdir hefjist með þverun Þorskafjarðar, enda þar mesta stytting leiðarinnar. Hugmynd Vegagerðar er að hefja framkvæmdina með þverun Gufufjarðar.

Önnur mál varðar yfirfærslu vegar út í Karlsey frá Vegagerðinni um áramót, en enginn útekt liggur fyrir og vonandi verði því máli frestað. Hafnarframkvæmdir í Flatey, þar sem sveitarfélagið keypti efni til endurbóta á bryggjunni í Flatey nú í apríl, en ekkert bólar á útboði hálfu Vegagerðarinnar. Mjög brýnt er að framkvæmdin fari af stað vegna öryggis farþega.

Árneshreppur; frummatsskýrsla umhverfismats framkvæmdarinnar um Veiðileysuháls væri nú kominn fram og málið því loks komið á rexpöl og er fagnaðarefni, en erfitt væri að sætta sig við að sveitarfélögin á Vestfjörðum væru að bítast um fjármagn sem stjórnvöld skömmtuðu.

Krefjast þarf að hraða framkvæmdum við gerð jarðgangna á vestanverðum Vestfjörðum. Styðja framkvæmdir á Innstrandavegi sem og önnur verkefni sem nefnd hafa verið á fundinum.

Súðavíkurhreppur; að á næsta tímabili samgönguáætlunar 2020-2034 komist Álftafjarðargöng á dagskrá. Unnið væri að úrbótum á vegi um Súðavíkurhlíð og eykur það öryggi vegfarenda en verður ekki endanleg lausn á öryggi vegfarenda. Mikil umferð er um veginn á degi hverjum og allir þungaflutningar til og frá norðanverðum Vestfjörðum fara þar um.

Lýst er stuðningi við kröfur um framkvæmdir á Vestfjörðum sem nefndar hafa verið fyrr á fundinum s.s. Bíldudalsvegi.

Ísafjarðarbær; leggur áherslu á uppbyggingu vegar um Dynjandisheiði til að tengja sunnan og norðaverða Vestfirði og að Álftafjarðargöng komist á áætlun. Leggja áherslu á að hefja gerð Samgönguáætlunar fyrir Vestfirði og þar með tekið saman í einni heild hafnir, flug, vegir, almenningsamgöngur. Eins megi flétta saman fleiri innviðamálum t.d. sameina jarðgöng og flutningsmál raforku.

Almennt. Af umræðu á 4. Haustþingi FV í lok október s.l. má skilja að stjórnvöld hafi sett ákveðinn fjárhagsramma fyrir framkvæmdir á Vestfjörðum og þess krafist að verkefnum sé forgangsraðað. Það þýðir í raun, að svæði innan Vestfjarða munu þurfa að berjast um fjármagn sín á milli. Slíkt er ómöguleg staða og verður krefjast þess að stjórnvöld horfi á ólíkar forsendur framkvæmda, sem eru annars vegar framkvæmdir til að mæta vexti og uppbyggingu atvinnulífs en hins vegar samdráttur eða stöðnun í þróun byggðar.

Rædd voru sjónarmið um gjaldtöku í jarðgöngum eða á ákveðnum vegköflum. Slíkt gæti flýtt framkvæmdum og stóraukin umferð ferðamanna ylli álagi á vegakerfinu sem þeir yrðu að greiða fyrir. Mótrök í málinu væru oftast en ekki, væri um að ræða einu vegtengingu

byggðarlags eða innan atvinnusvæðis og væri gjaldtaka þar íþyngjandi fyrir samfélög og atvinnulíf. Eins tæki ríkið nú þegar há gjöld af bifreiðum og eldsneyti og sem ættu að renna til samgöngumála en gerðu í minna mæli.

Lokaorð

Á starfsárinu var farið af stað með verkefni sem tengjast jarðgangaáætlun fyrir Vestfirði og samgönguáætlun fyrir Vestfirði. Ætlunin er með þeim verkefnum að stilla tóninn og ná betri samhljómi í sveitarstjórnarfólk á svæðinu svo tala megi einum rómi um þær framkvæmdir sem knýja þarf á um. Drög að tillögu að jarðgangaáætlun Vestfjarða eru tilbúin og verður þeim dreift til sveitar- og bæjarstjórna á næstu vikum eftir Fjórðungsþing til umsagnar. Vinna við öryggisúttekt á vegum Vestfjarða fór svo fram yfir sumartímamann og er sú skýrsla á lokametrunum í vinnslu höfundar.

Vestfirðingar hafa löngum þurft að hafa þolinmæði að leiðarljósi þegar kemur að bættum samgöngum og getur skýrsluhöfundur ekki komist hjá því að nefna í því samhengi veglagningu um Teigsskóg, núna eftir áratuga baráttu virðist loks sjá til sólar í því verkefni. Staðan í dag er að minnsta kosti sú að engin kæra er óafgreidd í kerfinu og samkvæmt Vegagerðinni er einungis eftir að semja við landeigendur til þess að útboð geti átt sér stað, en verkið er hafið! Gert er ráð fyrir að Dýrafjarðargöng opni á næstu vikum og þetta eru góðar fréttir, það þokast, að minnsta kosti eru hér nefnd tvö af stærstu verkefnum síðari ára sem hafa komist á annan sess á árinu.

Forgangsmál er að vetrarþjónusta Vegagerðarinnar verði með þeim myndarskap að hægt sé að halda þjónustu og atvinnulífi gangandi með þeim hætti sem þörf krefur. Aukin umsvif kalla á lengra tímabil á sólarhring sem komast þarf til og frá svæðum til atvinnusóknar og einnig svo íbúar geti sótt þjónustu milli byggðarkjarna sem torsótt getur orðið. Í því skyni kalla Vestfirðingar eftir áætlunum um jarðgangagerð á svæðinu.

En áfram höldum við og vitum að ekki má slá slöku við og ávallt skal halda áfram að hamra járníð.

Ég enda skýrsluna með sömu orðum og fyrir ári síðan, þar sem enn eigum við nokkuð langt í land:

Vestfirðir búa ekki við viðunandi öryggi í samgöngum og í raun ekki í fjarskiptum heldur, þar sem símasamband er víða mjög stopult og óásættanlegt hlýtur að þykja að staðan sé sú á vegum sem erfiðir eru yfirferðar.

lða Marsibil Jónsdóttir

Formaður fastanefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga um samgöngu- og fjarskiptamál